

Greiðslur byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra

vegna þjónustu stuðningsfjölskyldna við fötluð börn.

1. gr.

Aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins greiða stuðningsfjölskyldu fatlaðs barns þóknun fyrir hvern sólarhring sem barnið dvelur hjá fjölskyldunni. Greiðslur eru stigskiptar eftir umfangi fötlunar og umönnunarþörf. Þær styðjast við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins og þá flokkun sem fram kemur í reglugerð nr. 504/1997, með síðari breytingum, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.

Fjárhæð greiðslna frá og með 1. janúar 2013 er sem hér segir:

1. fl.: Börn sem eru algerlega háð öðrum með athafnir daglegs lífs.

Greiddar eru kr. 17.200 fyrir hvern sólarhring.

2. fl.: Börn sem þurfa verulega aðstoð við athafnir daglegs lífs og gæslu.

Greiddar eru kr. 13.300 fyrir hvern sólarhring.

3. fl.: Börn sem þurfa minni aðstoð en skv. 1. og 2. fl. en þurfa eftirlit við athafnir daglegs lífs.

Greiddar eru kr. 10.200 fyrir hvern sólarhring.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru skattskyldar verktakagreiðslur en draga má frá kostnað samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af stjórn byggðasamlagsins, með vísan til 7. gr. í reglum byggðasamlagsins um þjónustu stuðningsfjölskyldna fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra, og gildir frá og með 1. janúar 2013.

Skagafirði, 11. janúar 2013.

Jón Óskar Pétursson,
framkvæmdastjóri SSNV
Jón Óskar Pétursson